

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um talningu atkvæða, nr. 431/2022.

1. gr.

Á eftir 2. málslíð 1. mgr. 5. gr. reglugerðarinnar koma tveir nýir málslíðir svohljóðandi:
Jafnframt er heimilt að auglýsa hana víðar, svo sem í staðarblöðum eða öðrum fjölmiðlum. Fyrir sveitarstjórnarkosningar er yfirkjörstjórn þó heimilt að auglýsa talninguna eingöngu á vef sveitarfélags.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. 4. mgr. 99. gr. kosningalaga nr. 112/2021, að fengnum tillögum landskjörstjórnar, og tekur þegar gildi.

Dómsmálaráðuneytinu, 3. maí 2022.

F. h. r.

Haukur Guðmundsson.

Bryndís Helgadóttir.

B-deild – Útgáfudagur: 4. maí 2022